Hagur barnsins í fyrirrúmi og starfsfólkið gott upp til hópa Barni virðist líða vel, starfsfólk almennt þægilegt í viðmóti. Aðtæðum foreldra mætt með skilningi m.a. ef barn er sott of seint

Hann er mjög jákvæður og það ríkir gott andrúmsloft í húsinu.

Hann er opinn og starfsfólk hefur áhuga á því að gera vel og er í góðum samskiptum við foreldra. Það er unnið á öllum sérþörfum og athugasemdum og komið á móti foreldrum í hverju sem þjatar á.

Hlýlegt og rólegt umhverfi. Kærleiksríkur sig, glaðværð, virðing

hlýtt og góð viðmót starfsfólks fagmennska í fyrirrúmi

Hlýtt viðmót starfsmanna

Hæft starfsfólk, barnið ánægt ekkert slæmt að segja

Jákvæðni og gott viðmót. Faglegt og gott starf. Frábært starfsfólk og jákvæðni.

Lipurt og gott starfsfólk á deild barnsins. Sýna barninu áhuga og natni. Töluverð útivera. Þjónafyrir komulagið frábært. Tákn með tali mjög gott. Gaman hvað er mikið sungið á deild.

Megnið af starfsfólkinu, topp leikskólastóri. Starfsfólkið er upp til hópa flott og fært í sínu. Leikskól astjórinn er mjög flottur og kemur mjög vel fyrir.

Metnaðarfullt starfsfólk.

Mjög gott starfsfólk sem barnið mitt tengist greinilega og er ánægt hjá. Góð aðstaða fyrir útivist og regluleg útivera. Fjölbreytt verkefni.

Mætir glöð alla daga Barnið mitt fer með glöðu geði í leikskólann á hverjum degi

Mér finnst leikskólastjórinn og starfsfólkið á deildinni hjá dóttur minni einstaklega indæll, kurteis og hreinskilin.

Mér finnst mikil virðing borin fyrir börnunum og allt starfið miðar að því að þeim líði sem best í skól anum sínum. Ég er búin að eiga börn á mörgum deildum innan skólans og mér finnst alltaf hafa veri ð hlustað á mig og mín sjónarmið. Ef upp hafa komið einhver vandamál eða börnunum ekki liðið vel hefur verið tekið á því fljótt og vel og ekki hætt fyrr en málið er leyst. Mér finnst samstarfið við foreldr a gott og við vera vel upplýst um það sem gerist í skólanum. Mér finnst skólastarfið sveigjanlegt og ég er mjög ánægð með leikskólann. Mér finnst allt skólastarfið miða að því að börnunum líði sem b est í skólanum sínum. Mér finnst vel hlustað bæði á þau og foreldra. Sama á hvaða deildum mín bör n hafa verið þá hefur verið hlustað á mig sem foreldri og ef barninu/börnunum hefur ekki liðið sem best hefur verið tekið á málum fljótt og þeim fylgt eftir. Mér finnst ég fá góðar upplýsingar um hvernig g þeim líður og hvernig þeim gengur.

Mér finnst ég þreifa á fagmennsku, hjá henni Hjördísi alveg sérlega. Frábært starf þar. Mér finnst hún alveg einstaklega dýrmætur starfskraftur. Endilega ráðið hana ekki sem leikskólastjóra því ynnra st arfið þarfnast hennar---börnin. TAKK.

Mér þykir fjölmargt gott. Ég kann vel að meta hvað það er vel tekið á móti börnunum á morgnana og hvað mikið er lagt upp úr því að börnin læri nýja hluti og læri á umhverfi sitt. Barnið mitt var t.d. orðið ansi frótt um eldgos og eldfjöll fyrr í vetur og það var gaman að fylgjast með því.

Mér þykir gott hvað barnið hefur öðlast marga vini strax og er góður félagslega Mér finnst vel haldið um börnin og finnst mér barnið mitt öruggt í leikskólanum.

Mér þykir starfsfólkið á deildinni ( minni) mjög gott. Leikskólastjórinn mjög fínn. Deildin ( mín) passl eg hvað barnafjöldann varðar. Alltaf gott að spjalla við starfsfólkið ef eitthvað er sem við kemur mínu barni. Leikskólinn sjálfur gamla Tjarnarland bara passlega stór og persónulegur:)

Nic nie trzeba zmieniać.

Mér finnst gott starfsfólk á deildinni hjá dóttur minni einstaklega indæll, kurteis og hreinskilin.



INUVERANDI DEILDARSTJORI OG STARFSIOIK TRABÆRT!

Okkur finnst rosalega gott hvað konurnar á Rjóðri eru samvinnuþýðar og góðar. Hjálpast að . Rosal ega ánægð með Lísu Lottu sem deildarstjóra. Erum bara almennt mjög sátt.

opin, jákvæður og almennt í boði fyrir foreldra að koma inn í starfið

Otwartosc i tolerancja w stosunku do obcokrajowcow. Efektywna nauka polaczona z zabawa ,przyja zny personel.

Pasaleg stærð tjarnarland

Persónuleg og þægileg eining skipuð góðu og hæfileikaríku starfsfólki.

Samskipti mín við stelpurnar á deildinni eru rosa góð fæ alltaf að vita sem ég spyr um. Er rosa ánægð með allar á deildinni og vona að þær verði alltaf með son minn

skipulagt og flott starf! Dugleg að fara í salinn og gönguferðir! Frábært starfsfólk! sérstaklega Hjördís!

Starfsfólk elskulegt og ber umhyggju fyrir börninum. Það er traust tilfinning að skilja barnið sitt eftir í þeirra höndum.

Starfsfólk jákvætt og glaðlynt. Eru duglegar að segja frá skemmtilegum sem og óskemmtilegu atviku m sem hafa átt sér stað yfir daginn. Taka vel á móti barninu mínu, hann er velkominn. Mér finnst hann stöðug vera að læra eitthvað nýtt. Pósta myndum af daglegu starfi á heimasíðuna. Leifa áhugamálu m barnanna að njóta sín, t.d. horfa a ruslabílinn úr um gluggann, eða fylgjast með músinni úti. Virði st nóg af gleði og börnin fá að njóta sín. Minn maður er mjöðög stoltur af þeim verkum eftir hann s em eru sýnileg hér heima, unnin á leikskólanum. Starfið er gott og mér finnst hann hafa lært helling á þeim mánuðum sem hann hefur verið þarna. Aðstaðan sem börnin hafa er góð og fjölbreytt og hu gmyndaflug starfsmanna virðast engum takmörkunum sett :) )

Starfsfólkinu er annt um barnið og sýnir því og fjölskyldu þess áhuga. Það er vel stutt við veikleika barnsins og það fær að njóta sín vel. Starfsfólk almennt glaðlegt og almennilegt og metnaður í starfinu.

Starfsfólkið

Starfsfólkið

Starfsfólkið Íþróttastarfið Starfið á deildinni

Starfsfólkið alveg frábært Mér finnst almennt mjög þægilegt og afslappandi andrúmsloft þegar ég kem með barnið á morgnanna og sæki það seinnipartinn, en í sjálfu sér veit ég kannski minnst um hv að gerist þess á milli. Barnið mitt lærir greinilega mikið af lögum og textum í samverustundum.

Starfsfólkið er alveg frábært. Kennararnir á deildinni eru svo sniðugar að finna uppá alls kyns góðum hlutum til að kenna krökkunum og talar barnið mitt mjög fallega um alla kennarana sína. Mjög fjölbreytt starf í gangi og allir vinalegir og taka vel á móti mér og barninu mínu.

Starfsfólkið er alveg yndislegt þarna og barninu mínu liður mjög vel þarna. Það er stutt að fara á leikskólann rétt hjá heimili okkar.

Starfsfólkið er frábært, með misjafnan bakgrunn, þekkingu og áhugamál það ætti að vera karlkyns kennari á öllum deildum allra leikskóla Gott starfsfólk. Jákvætt að hafa strák í vinnu á leikskólanum. Finnur að börnunum líður vel í leikskólanum.

Starfsfólkið á deildinni, aldursblöndunin og leikskólastjórinn. Barninu mínu þykir alltaf gaman að fa

ra á leikskólan, hún er yfirleitt brosandi þegar hún er sókt. Starfsfólkið stendur sig mjög vel.

Stöðugleiki, gott utanumhald um barnið mitt, vel komið til móts við mann

Sveigjanleiki og gott samstarf.

Umhyggja borin fyrir nemendum, upplýsingaflæði gott. Starfsfólk almennt gott og kemur vel fram.

Vinnur gott fólk í skólanum sem er alltaf að gera sitt besta án vafa. Skólinn er í hæfilegri fjarlægð frá heimili og þar sækja mögulegir vinir barnsins míns skólann.

Viðmót starfsfólks er yfirleitt vingjarnlegt. Mér finnst gott aðgengi að stjórnendum og sveigjanleiki fyrir hendi ef vistunartími þarf að vera lengdur í einn dag um stuttan tíma. Mér finnst gott að það hafi verið tekið af að rukka fyrir það að koma of seint, lífið virkar ekki alltaf eins og við ætlum okkur að hafa það. Mér finnst gott að fá póst 1x í viku um starfið á leikskólanum.

Viðmót starfsfólks, rólegheit, föst rútína í starfi leikskólans

Yndislegt starfsfólk og koma fram við barnið mitt af virðingu.. maður upplifir eins og þeim sé ekki sama um barnið mitt

Á heildina litið er skólinn mjög góður. Þar eiga kennarar og nemendur sína góðu og slæmu daga, við erum mjög ánægð með þennan skóla.

Ég er bara hæstánægð með leikskólann. Barnið mitt dafnar vel og líður vel í leikskólanum. Því líður vel og hlakkar alltaf til að mæta í leikskólan. Mér finnst starfsfólkið frábært og dásamlegt :) Áfram þið! Þið standið ykkur rosalega vel! :) Barninu mínu líður svo vel á leikskólanum að ég er rosalega ánægð með hann. Gott fólk og góður stjórnandi. Góður andi sem ríkir. Ég er hæstánægð! :)

Ég tel að það sé gott og vel hæft starfsfólk sem starfar við leikskólann.

Það er mjög snyrtilegt í kringum svæði sem börnin geyma útiföt sem mér finnst mjög gott Rólegt um hverfi, auðvelt að ræða við starfsmenn og málum fylgt eftir ef beðið er um, og gagnkvæm virðing

Það er vel tekið á móti okkur og barninu okkar. Það er gott og vingjarnlegt andrúmsloft og leikskólinn er með fjölskylduvæna stefnu. Þetta breyttist aftur til hins betra eftir komu nýs leikskólastjóra. Barnið okkar er ánæggt í leikskólanum og skilar starfið sér heim.

## 6.2. Lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í leikskólanum þínum.

Foreldrar eru beðnir að lýsa því hvað þeim þyki slæmt eða að megi betur fara í leikskólanum. Svör frá foreldrum sama barns eru höfð í sama reit.

Alltaf gott að fá upplýsingar um hvað sé verið að gera (það hefur verið mjög gott núna undanfarið), þarf ekki að vera merkilegt, bara að það sé skrifað á töfluna eða sent í tölvupósti hvað sé verið að brala þann daginn/vikuna. En þetta hefur batnað mjög á þessari ákveðnu deild :) )

Almennt :Mötuneytið/maturi hefur versnað eftir miðstýringuna. - og slæmt að það sé ekki lengur eld að innan hvers leikskóla. Maturinn er ekki sérsniðinn fyrir yngstu kynslóðina og einnig mikið upphit aður, haldið heitum. Hreinleikinn og ferskleikinn hefur minnkað síðan að miðstýringin byrjaði og ekki sami brennandi áhuginn fyrir mat, hollustu og hreinleika. Mikil þekking á matreiðslu og matarvenjum leikskólabarna hefur farið í súginn - mannauður hætt. Fiskmáltíðir verða að fara að koma inn í leikskólana aftur - og þykir mér sérstakt hversu lítið foreldrar, foreldrafélög, starfsfólk og skólustjórar leikskóla á Fljótisdalshéraði beita sér í þessu máli. Varðandi sjálfa deildina og leikskólann (Tjarnarland) þá þykir mér umgengni í andyri ábótavant og mikill ruglingur á fötum og oft á tíðum dálítið draslaralegt að koma inn á andyri á deildinni. Veit ekki hvað veldur þessu - leti starfsfólks, eða skipulagsleysi - sokkar, stígvél og vettlingar liggja undir ofnum og innréttingum. Betri tengsl við starfsfólk þegar maður sækir barn - að það fylgi einhverjar upplýsingar með ef eitthvað hefur gengið á eða eitthvað gengið sérlega vel. Mötuneytið - við viljum betri mat og fiskinn aftur 2 x í viku.

Auka mætti upplýsingagjöf til foreldra.

Aðgengi um bakgarð slæmt í hálfu og sköflum. Og mjög slæmt að ekki sé boðið upp á fisk!

Aðgengi um vetur.

aðlögunin hefði mátt vera skýrari og meira gert í að láta þann starfsmenn sem mest væri með hann vera með hann fyrst til að byrja með - svo út frá því láta hann venjast öllum. Þetta tók mjög langann tíma og að hluta til vil ég kenna því um að barnið átti að "tengjast öllum strax" - sem gekk ekki upp í þessu tilfalli. Auðvitað er líka inni í myndinni að barnið hefði líka átt erfitt með að tengjast þó að einn starfsmaður hefði verið meira hans kennari en einhver annar..... húsnæðismálin valda áhyggjum og þá hvort komist hafi verið fyrir myglu sem var vandamál. Sérstaklega kemur þetta upp vegna endurtekinna veikinda á deildinni.

Aðstandendur skilja bílinn eftir í gangi fyrir utan leikskólann. Upplýsingaflæðið um mitt barn mætti vera betra. Mætti koma betur til móts við þau börn sem eru á undan jafnöldrum sínum.

Betri upplýsingagjöf Aðgengi að leikskólabílastæði og öryggi þar. Miklar breytingar á milli skólaára á starfsfólki deildar, skapar óöryggi. Upplýsingagjöf mætti vera stöðugri í stað þess að bíða eftir viðtölum, væri hægt að gefa status mánaðarlega?

Bæta þarf aðgengi fyrir fatlaða

dettur ekkert í hug

Eins og áður kom fram er það hádegismaturinn sem mætti vera betri.

Ekkert

ekkert

ekkert sem kemur í hugann

Ekkert sem ég man eftir sem boðar þá væntanlega gott :)

Endurnýja mætti eða fjölga útileiktækjum fyrir elstu börnin.

Er bara sáttur

Finnst mjög slæmt að það sé ekki fundin lausn á þessu með fiskinn, að börnin á leikskólunum geti fengið fisk.

Fjöldaframleiðsla

Færsla milli deilda, vildi sjá meiri samgang milli arganga, ekki Meira en tvo arganga a deild, vil sjá 5 a ra deild sér. Vildi sjá starfsmenn af deild eftir 4 a daginn, þegar það er ekki minnkar upplýsingaflæði ð milli skóla og foreldra

Get lítid sett út á starfid. tel merki um gott starf ef barninu lídur vel thar Hef svolitið a tilfinningunni a ð namskrain se svo þett að leikur verði utundan og þa ser i lagi leikur utan dyra. Hefði viljað að barn ið væri bara mjög mikið uti.

Hef ekkert slæmt að segja

Hef engar athugasemdir

Hef engar athugasemdir eins og er.

Hef heyrt að veikindatíðni starfsmanna sé óeðlilega há og er það væntanlega hlutur sem þarf að skoða sérlega vel. Eru starfsmenn að taka sér veikindadaga án þess að vera veikir (leti?). Eru starfsmenn alltaf að taka veikindadaga vegna barna eða tekur makinn annan hvern dag á móti. Eða eru starfsmenn bara svona mikið veikir - TAKA LÝSI !!

Hef rekið mig á að ekki sé skrifað hvernig barnið mitt borðaði í hádeginu. Það hefur einnig komið fyrir að barnið hafi verið með blauta bleyju of lengi og séð á því. Fatahólfin eru óhentugir, s.s. snagarnir eru of litlir/fáir.

Hef upplifað að heyra það að börnum sé hótað og hrópað á þau ekki að mínu barni þó, þannig að mér bregður. Finnst það ekki svo smart nálgun. En þar sem ég er lítið við nema á spari dögum þegar foreldrum er boðið og svo þegar við sækjum og komum þá er ég kannski ekki dómbær á aðstæðurnar. Annars flottur leikskóli og flott faglegt starfsfólk, og meðan mitt barn er ánæggt þá er ég ánægð. Stundum of skólamiðað fyrir minn smekk of mikil áhersla á akademísan undirbúning fyrir grunnskóla. Mætti vera meira í aðrar áttir líka. Ég vildi sjá meira þar sem reynir á framsögn og uppákomur, td á milli deilda og fyrir okkur foreldra.

Hefði mátt standa betur að flutningi milli deilda, barnið flutti rétt fyrri jól og aðlögun gekk hálf brösulega, var einhvern veginn alltaf verið að byrja á byrjunarreit. Hefði verið betra að byrja á nýju ári. Í fljótu bragði sé ég ekkert athugavert

Hópamyndun leikskólakennara í útivist finnst mér gamaldags og finnst þurfa að breyta því.

Húsnædid mætti vera betra þegar börnin eru sött í útiveru þá er oft ekki hægt að ná sambandi við starfsfólk of upptekid íspjalli við adra starfsmen

Hús og húsbúnaður orðin lúinn og lítið viðhald Aðbúnaður jafnt utan dyra sem innann, viðhald á húsnæði og aðstaða kennara.

Húsnæðið er gamallt og úrellt en staðsetningin góð m.t.t. grunnskóla Vantar að bjóða uppá fisk í leikskólanum, þó svo að ofnæmisbarn sé í grunnskólanum finnst að það eigi ekki að bitna á leikskóla börnum.

In my opinion, date of summer holiday (period of 4 weeks ) should be choice of parents !!! I understand that this might be unappropriate answer for a question above since kindergarden is not a subject who decide this.

Kemur ekkert upp í hugann Kemur ekkert upp í hugann.

Leikföngin á deildinni eru orðin frekar "þreytt" Leikvöllurinn er of stór fyrir starfsfólk til að hafa góða yfirsýn Hóllinn getur verið "felustaður" fyrir krakkana

Margt sem þarf að fara endurnýja, gamalt húsnæði

Mataræðið. Þá er ég ekki bara að tala um fiskinn. Alltof oft svínakjöt (svínasnitsel, svínagúllas, grísah nakki) sem ég hélt að væri ekki mælt með, sérstaklegt ekki fyrir litla maga. Súpurnar virka oft matarlitlar. í góðu lagi að hafa súpur en þær mættu vera matar/næringar meiri en t.d. aspás, blómkáls og sv eppasúpa. Síðan finnst mér ekki boðlegt að bjóða uppá Sagógrjónagraut í aðalrétt :) Eins verð ég alltaf jafn undrandi þegar það eru bjúgu! Síðan finnst mér finnst lítil fjölbreytni í morgunmatnum, leiðigjarnt og hentar mínu barni ekki vel.

Meiri samvinna árganga.

Meiri stuðningur og meira krefjandi verkefni fyrir barnið mitt sem er duglegt að læra.

Mætti auka samgang á milli bygginganna tveggja. Mætti vera meiri en hann er.

Mætti kynna betur fyrir foreldrum hvaða aðferðir eru notaðar til að efla þroska barnanna og eins við að efla sjálfstæði og sjálfstraust.

mætti passa aðgengi betur við leikskólann eins og hálkuna og snjóinn þegar við foreldrar erum að koma með börnin okkar á morgnana og eins sækja þau svo enginn detti. Börnin þurfa líka geta leikið sér án þess að séu hálkublettir eða of mikill snjór svo þau komist leiðar sinna í leik.

Mætti passa betur uppá ef barn er meðfulla eða skítuga bleyju :(

Mér finnst leiðinlegt hvað barnið mitt hefur komið oft bitin heim, en ég held að starfsfólkið sé að reyna hvað þau geta til að koma í veg fyrir það.

Mér finnst þínu grátlegt að fyrstu (og ennþá einu) kynni barnsins míns af súkkulaði séu á leikskólanum. Mér finnst líka ábótavant meðal starfsfólks að nota bæði nöfn barnsins. Ég mundi vilja fá betri upplýsingar um daglegt starf og jafnvel hver hugsunin sé á bakvið það, hvað þau læra á hverju. Á sama tíma vil ég náttúrulega helst ekki missa starfsmanninn á skrifstofu til að koma öllu þessu upplýsingaflæði áfram...

Mér finnst vera aðeins of breiður aldurshópur stundum á deildinni, sérstaklega á yngstu deildum. Mitt barn undi sér margfalt betur þegar hann var færður upp og var ekki lengur nánast elstur í hóp með miklu yngri börnum, smábörnum sem taka það mikið af tíma kennaranna að eldri börn verða svolítið útundan.

Mér finnst ábótavant að börn séu klædd betur. Stundum eru þau sett í blaut stígvél og vettlinga og send út þannig. Það þyrfti að fylgjast betur með bautum fötum og setja í ofn.

Mér finnst þurfa að samræma meira starf deildarstjóra á Tjarnarlandi svo það sé nánast eins faglegt starf s.s. eins og verkefni og undirbúningur fyrir grunnskólann. Kannski má setja upp einskona leikskólánámsskrá sem deildarstjórum ber að fara eftir (kannski ef það til fyrir) fyrir verðandi 1. þekkinga

kolmannska sem deildarstjóri þú getur farið út (kannski er þú til yfir) fyrir veruðar í þessum.

Okkur finnst blöndunin ekki vera að gera góða hluti fyrir barnið okkar. Það hefur þurft að gjalda miði fyrir það í vetur að vera með yngri börnum á deild. Bæði tók aðlögunin alltof langn tíma inn á deildina og síða gleymdust eldri börnin svolítið mikið á deidlinni að okkur fannst útaf þessum yngri. Maður sá það líka á starfsfólkinu að aðlögunin tók sinn toll og orku af þeim sem bitnaði á þessum eldri. Þessi blöndun hefur þau áhrif á okkar barn að það þekkir ekki nema lítinnhluta af þeim börnum sem það kemur til með að vera með í grunnskóla þegar að honum kemur þau eru ekki mikið að ná að kynnast þennan klukkutíma sem þau hittast einu sinni í mánuði þar af leiðandi er þetta líka að hafa mikil áhrif á félagsþroska barnsins sem kemur til með að bitna á því seinna meir og sennileg alveg upp í grunnskóla ef þetta verður ekki bætt allverulega.

skipulag sumarfría, fiskileysi, óvissa hvert börnin fara næsta skólaár.

Skortur á fiski í matinn, matur mætti vera betri. Of dýr leikskólagjöld. Allt of mörg börn á deildum. Maturinn alls ekki góður og næringarríkur. Vantar alveg sárlega fisk. Finnst þar sem þetta eru með dýrustu leikskólagjöldum á landinu að maður eigi þá allavegana rétt á fjölbreyttri og hollri fæðu fyrir börnin. Mætti vera fjölbreyttara val í kaffitímum.

Stundum er maður aðeins efins með sum leiktækin t.d stóra kastalann(geta dottið úr) en það er vonandi bara alltaf fylgst vel með, trúi nú ekki öðru. Sumarfríin, skoða það að hafa breytilegan tíma ár eftir ár.. ekki alltaf á sama tíma.

Stundum verð ég hissa þegar börnin eru ekki úti í lok dags þegar veðrið er sérstaklega gott. En mér vitanlega er farið út daglega á okkar deild og finnst mér það algjört lágmark.

Tvískipting leikskólans skapar óhagræði fyrir foreldra sem þurfa oft að fara með börn á sitthvoran leikskólann í bæjarfélaginu, betra ef börn gætu farið á annan staðinn og verið þar alla skólagönguna.

Vil sjá fisk á matseðlinum og geta gengið að skólastjórum í báðum skólum. Ég vildi gjarnan sjá fisk mun OFTAR á matseðlinum en ég hef ekki fengið nægilega góð svör frá fræðslustjóra um af hverju það sé ekki gerlegt að bjóða upp á fiski á leikskólunum þar sem umrætt ofnæmisbarn er í grunnskóla. Það eru starfsmenn í báðum eldhúsum og þó þau hafi aðeins leyfi fyrir móttökueldhúsi þá finnst mér skrítið og stanga í stúf að það megi elda hafragraut, sjóða puls, baka kökur þar en ekki hita t.d. plokkfisk eða henda fisk inni ofn í 20 mínútur. Ennfremur hefði ég viljað sjá t.d. tvo leikskólastjóra /aðstoðarleikskólastjóra svo hægt væri að ganga að skólastjórum í báðum húsnæðum - er oft að lenda í að ná ekki tali af neinum stjórum enda enginn í húsi.

vinnuaðstaða barns og starfsfólks, umhverfi innandyra.

við erum ekki nógu ánægð með þurrskápinn á Hamrabæ.. hann þurrkar ekki neitt :)

Á tvö börn sem vegna aldurs eru á sitthvorum leikskólanum, ókostur að þurfa að fara á tvo staði. Hef velt fyrir mér hvort ein deild á Tjarnarlandi gæti verið með blandaðan aldur þannig að á tveimur deildum væru 5 ára börn og á þeirri þriðju gætu yngri systkini 5 ára barna verið sé áhugi á því. Það væri bæði hagræði fyrir fjölskyldurnar og umhverfið þar sem það drægi aðeins úr umferð.

Æi svo sem ekkert sérstakt. Var að velta fyrir mér klósettferðum fyrst um sinn fannst þær dularfullar með svona lítið barn. Barnið kom svo oft óhreint að neðan heim, en það er liðin tíð.

Ég er ekkert rosalega hrifin af þessari aldursblöndun. Mér finnst t.d. mitt barn ekki eiga mikla samleið með þeim sem eru nærri 2 árum yngri. Ég er ekki nógu sátt með þetta fyrirkomulag varðandi aldur sblöndun. Mitt barn á t.d. ekki mikla samleið með þeim sem eru um 2 árum yngri. Jafnframt finn ég það, og hefur barnið mitt sagt, að hann vilji vera á leikskólanum með hinum krökkunum (þ.e.a.s. á Tjarnarlandi).

Eg het skrifað minn sannleik. Eg uppliti trjúga hugsun í startinu og á meðan svo er, þá er vel. Gangi ykkur vel og hafið heila þökk mína og okkar fyrir bæði börnin mín, okkar, sem þurftu svo sannarlega lítil á góðu fólki og stuðningi að halda og fengu hann. TAKK FYRIR.

Ég var ánægð með þá breytingu í haust að ákveðnir afleysingastarfsmenn væru fyrir hverja deild. Mér finnst það mætti efla það enn frekar, þ.e. að kynna afleysingar fyrir bæði börnunum og foreldrunum. Eins og komið hefur fram finnst mér að finna þurfi lausn á mötuneytismálum (sjá þá spurningu). Og örlítið meiri upplýsingar um grunnskólaheimsóknirnar. Annars er ég reglulega ánægð með leiks kólann :)

Ófullnægjandi húsnæði á Tjarnarlandi, t.d. komin tími á viðhald innan og utan dyra, og þar af leiðandi ófullnægjandi starfsaðstaða fyrir starfsfólk.

Útivistarsvæði mætti vera betur hannað með yfirsýn starfsfólks í huga og leiktæki við hæfi yngri barna. Útisvæðið mætti vera öruggara. Mér finnst hólarnir í horninu óþarfir og mér finnst starfsfólk ekki hafa nægilega yfirsýn í garðinum.

Útivistin, að börnin séu nægilega vel klædd til misjafna veðurskilyrða, þó næg séu fötin í fataklefum til að barnið geti klætt sig í nóg af fötum. Að aðgæta það vel í útivist barnanna hvernig leikir barna fara fram. Borið hefur á því að barnið okkar sé jafnvel lamið í útivist af samnemanda sínum, ekki bara einu sinni, heldur oft. Þetta teljum við ekki viðunandi hegðun, né heldur að þessi hegðun líðist óárétt.

Það er ekki boðið uppá fisk

Það mætti auka á upplýsingagjöf varðandi líðan barns í skólanum.

Það mætti vera texti uppá töflu um starfið hvern dag, sérstaklega á yngri deildum þar sem er mikið af ómálga börnum. Það hjálpar foreldrum við að ræða við börnin um leikskólann og sýna því áhuga sem það er að gera. Börn sem ekki eru í sérkennslu ættu undir engum kringumstæðum að vera í spjaldtölvum eða öðru slíku á leikskólatíma! Mætti laga það. Mötuneytið mætti taka meira tillit til mismunandi þarfa þeirra sem í því eru. Ég skil að það þurfi að vera sami matur fyrir alla, en það mætti matreiða hann m.t.t. hvernar stofnunar. Hef orðið vör við að barnið mitt er svangt og myndi borða, væri maturinn matreiðdur þannig að örfáar tennur gætu unnið á honum ;) Þegar ég kem og sæki, þá er yfirleitt enginn sem getur sagt mér hvernig dagurinn hefur gengið, því mikið er um að kennarar séu einungis í hlutastarfi. Þær sem hafa mest með mitt barn að gera, eru farnir heim.

Það mætti virkja betur starfsmenn deildarinnar til þess að takast á við fjölbreyttari verkefni og einnig virkja betur umræður og kennslu um mannleg samskipti svo sem samkennd, tillitsemi og að tjá sínar eigin tilfinningar rétt.

Það mætti þvo bleyjusvæðið í hvert skipti við bleyjuskripti, þó barnið er ekki búíð að kúka.

Það vantar fleiri mjúk svæði handa yngsta hópnum.

Það væri gott ef starfsfólk deildarinnar gætti þess með börnunum að fötin séu þurr og skór t.d. teknir úr útigöllum svo þeir nái betur að þorna á milli ferða út ásamt því að það fer illa með gallana að skórnir hangi í þeim, teyjan neðan í þeim tærast upp. Það má gjarnan snúa lúffum við svo þær þorni í þurkskápnum. Þótt þetta séu orðin stór börn að þá er t.d. mitt barn ekki alveg nægilega sjálfstætt til að ganga frá fötunum þannig að þau þorni. Mikið væri gott ef það næðist að halda í sama starfsfólki út skólaárið.

## 6.3. Ef þú hugsar um daglegt starf í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara?

Barninu mínu finnst venjulega alltaf gaman í leikskólanum. En er alltaf ósátt við að þurfa að fara í hvíld.

Draugatal er ekki hjálplegt fyrir barnið, hvetur til myrkfælni og hræðslu. Fiskur þarf að vera í boði fyrir öll leikskólabörn. Hvetja þarf börn sem eru fljót að læra meira og gefa þeim krefjandi verkefni, sérkennsla er ekki síður mikilvæg fyrir þau.

Ekkert sem mér dettur í hug núna

Ekkert sem ég man eftir eins og er.

Fisk í matinn líka

Fisk í matinn.

Fiskmáltíðir mættu vera a.m.k. tvær í viku.

Fiskur á matseðilinn - fleiri upplýsingar og myndir t.d. á heimasíðu svo betur sé hægt að fylgjast með barninu í leikskólanum.

Fylgjast betur með og skipta um bleyju þegar þess þarf.

Gæta þarf vel að því að börn verði ekki fyrir aðkasti eða einelti af félögum sínum af deild í útivist. Gæta þarf líka vel að glæðaburði barna utandyra við misjöfn veðurskilyrði.

Kemur ekkert upp í hugann

Meiri skipulögð hreyfing. Og líkamlegar áskoranir

Miðað við það sem barnið segir er horft meira á sjónvarp en ég myndi vilja

Myndi vilja sjá barnið mitt fara í fleiri göngutúra, vera í meiri samskiptum við aðra jafnaldra sína.

Mætti einhver vera komin á deildina þar sem barnið mitt er á morgnana, stundum er einhver en stundum þar að labba yfir á Lyng.

Mér finnst leikskólastarf sem tengist okkar barni afar virðingarvert og verulega vera hugað að eflingu þroska þess bæði í leik og starfi, einnig ef uppá þroska eða einhverskonar samhæfingu vantar, þá eru góð samráð við forráðamenn um eflingu einstaklingsins, barnsins. Semsagt finnst mér vera fagmennska í gangi á þeirri deild sem barn mitt, okkar er á og mér finnst það vera aðalsmerki leikskólans. Ég og við segjum því, hafið ómælda þökk fyrir ykkar góða og einlæga starf. Haldið áfram á sömu braut.

Mér finnst mikilvægara að börnin fái að leika sér í frjálsum leik, en að vera endalaust í einhverju skipulögðu starfi. Ég hef oft á tilfinningu að þau fái ekki nægilegan frjálsan tíma inn á deild. Þeim er skipulagt í hóp og þá þarf að gjöra svo vel og vinna hitt og þetta.



Mötuneystismálin snúa kannski ekki að leikskólanum beint en mér finnst nauðsynlegt að fundin verði varanleg lausn á málefnum barna með matarofnæmi/óþol. Að sjálfsgöðu á að taka fullt tillit til þeirra á allan hátt en finna verður lausn til frambúðar því það munu alltaf vera einhver ofnæmisbörn í skólakerfinu. Mötuneytið þarf að geta boðið upp á fjölbreyttari mat en núna er í boði.

Mötuneytið - fiskur - veit ekki hvar ég á að byrja. Þetta var 100 % í lagi þegar ég byrjaði með barn á leikskóla fyrir 6-7 árum á Fljótsdalshéraði en er í dag ca 50 %. Fiskleysið (nema stundum, hátíðir og sumar) er dálítið absúrd!

Nei

Nei

Nei mjög ánægð

Oftast er móttaka og brottför mjög góður tími en hefur komið fyrir að börnin eru ein í kennaralausurými.

Samskipti foreldra við starfsmenn

Sýnilegri markmið með hópa starfi

Vantar að börn fái fisk í matinn

Væri til í að vera enn upplýstari um það starf sem fram fer inn á deildinni

Ég er mjög ánægð með leikskólann og get ekki bent á neitt sérstakt sem þarf að laga

Það vantar fiskmáltíðir í leikskólann og þar með fær heil kynslóð Héraðsmanna ekki fiskmáltíð í hádeginu. Hádegistíminn er sá tími sem börnin eru móttækilegust fyrir matnum og því þykir mér það miður að fiskur sé ekki á boðstólum. Mér finnst hakk vera of oft á matseðlinum. Það mætti auka fjölbreytileikann með grænmetisréttum sem eru held ég aldrei á matseðlinum. Kalt pasta með grænmeti og sósu finnst mér ekki vera matur. Gróf heimabökuð brauð vantar líka á matseðilinn þar sem ekki er hægt að baka í mötuneytiseldhúsinu. Hvað daglega starf leikskólans varðar þá finnst mér mjög gott skipulag á hlutunum. Við fáum viðburðardagatöl send og getum því fylgst með. Eins eru leikskólakennararnir mjög duglegir að skrifa á töfluna eftir daginn.

Það verður að bjóða upp á fisk oftar.

Það þarf að laga hljóðvist betur

## 6.4. Ef þú hugsar um menntun, samskipti og starfshætti í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara?

Barninu mínu hefur ávallt líka mjög illa við hvíldina. Vildi að það hefði einhvern annan valkost. T.d að lesa bók.

Barnið mætti vera mikið meira uti. Starfið mætti vera frjalsara og meira lagt upp ur leik en fastri namskra. Barnið er ju bara barn brot af ævinni

foreldraviðtöl um miðjan vetur til að fá upplýsingar um barnahópin og stöðu barnsins í þessum hóp því hópurinn er breytilegur frá ári til árs

Heimasíða mætti vera betur uppfærð t.d ekki rétta upplýsingar um börn á deild. Öryggi við bílastæði ekki nógu gott þ.e þegar komið er með eða sótt þá er mikil umferð gangandi aftan við bíla, bílastæði ekki nógu vel upplýst og spurning hvort ekki væri hægt að setja upp örugga gönguleið(stýrt) þannig að ekki sé svona mikil gangandi umferð þar sem bílaumferðin er mjög þung á þessu litla planni.

Heimasíðan mætti vera betri..... Annars flest í lagi

Hugsa um leikskóla sem stað til að leika sér, en ekki sem skóla þar sem "nám" fer fram.

Kannski svolítið erfitt að segja þar sem dóttir mín er ekki orðin 2ja ára. Mér finnst konurnar á deildinni hennar frábærar og ég held að þær hugsi alltaf hvað sé börnunum fyrir bestu

Maturinn

Meira upplýsingaflæði heim, vil vita Meira um hvað barnið mitt gerir a daginn, vildi sjá starfsfólk dreifa sér betur a utisvæði.

Meiri festa - minni starfsmannavelta - kannski atriði sem erfitt er að stjórna. En lág starfsmannavelta segir oft til um hversu vel gengur. Búin að ganga í gegnum miklar breytingar og nú má kannski fara að fá meiri festu.

Meiri skipulögð hreifing, og út alla daga

Mættu koma oftar póstar um það sem er verið að gera í leikskólanum og áminningar þegar sérstakir dagar nálgast. T.d minna á bleikan dag daginn áður en hann er!

Mér finnst mega samhæfa betur starf deildarstjóra á Tjarnarlandi og þá með tilliti til skólahóps. Að það séu sömu verkefni lögð fyrir skólahópinn og að það sé markvisst verið að undirbúa þau með þar til gerðum verkefnum.

Nei

Nei

Samskipti stjórnenda og foreldra afskaplega takmörkuð að mörgu leyti. Við vitum td aldrei hvaða starfsmenn eru að vinna á deildinni, hvaða starfsmenn hafa komið og farið. Upplýsingar um daglegt líf

barnsins er ekki ljóst, við þurfum sífellt að ganga eftir upplýsingum.

Spurning hvort hægt væri að leggja verkefni fyrir börnin eftir getu og ef þau sýna takta til frekara náms að þau fái það.

Starfsfólkið mætti vera meira upplýst um það hvernig dagurinn er búin að vera hjá barninu, okkur finnst að það mætti hætta með blömdunina.

upplýsa foreldra betur um hvað nkl barnið gerir í leikskólanum á hverjum degi.

Vantar meiri hvatningu fyrir börn sem eru á undan og vilja læra meira.

Veit ekki

Væri flott ef allir starfsmenn væru menntaðir kennarar.

Ég hef svolitlar áhyggjur af öryggi á leikskólalóð yfir hávetur þegar það er klaki yfir öllu. Hjá Reykjavíkurborg hefur verið lagt bann við því að fara út með börnin ef aðstæður eru eins og þær hafa verið á Tjarnarskógi í margar vikur. Væri ekki hægt amk að sanda yfir klakann? Það er stórhættulegt og ekki tekið aftur ef börn fá alvarlegt höfuðhögg nú eða ef tennur brotna. Ég vil endilega að barnið mitt fái að fara út á hverjum degi en ekki við aðstæður sem þessar.

Ég myndi vilja vita meira um líðan barnsins í skólanum, ég veit ekki hvernig honum líður í ákveðnum verkefnum, eins og útvíst, samverustundum, hópastarfi o.s.frv. Hann talar ekki mikið um hvernig er í leikskólanum heima og ég hef því ákveðnar áhyggjur af því að hann tengist öðrum börnum ekki nógu vel. Þannig að mér finnst kannski að það mættu koma oftar stuttir punktar t.d. í tölvupósti um barnið í skólanum bara á viðkomandi foreldra - en kannski er það full mikið mál og við foreldrarnir eigum að vera duglegri að spyrja líka. Þá myndi mér finnast gott að geta séð yfirlit t.d. á hurðinni inn á deild eða á töflunni frammi yfir hvernig barnið borðaði og hvað var í matinn.

## 6.5. Ef þú hugsar um námsumhverfið í leikskólanum, er eitthvað sem má betur fara?

Auka fjölbreytni á útileiksvæði þ.e setja upp litlar körfur, fótboldamark o.s.frv

Aðstaðan - húsnæðið á Tjarnarlandi er kannski að verða dálítið þreytt - en hef ekki alveg yfirsýn yfir það hvort húsnæðið hafi mikil áhrif á námsumhverfið.

Deildin er allt of lítil fyrir þennan fjölda barna. Ég er samt sem áður ekki viss um að ég vildi sjá færri börn þar heldur frekar stærri deild!

Hvað er námsumhverfi??? Ef átt er við leiktæki úti, þá eru þau í fínu lagi að mínu mati.

Húsnæðið er orðið heldur gamalt og mætti fara að Huga að endurbótum. Einnig er hljóðvistin mjög slæm hefur það hvorki góð áhrif á kennarana né börnin.

Kannski vinna markvisst með að efla félagsfærni og reiðistjórn

Lóðin er stór og ég set spurningamerki við yfirsýn kennara á stundum

mikil bleyta í garði - annars nokkuð gott. Ekki laust við að áhyggjur af myglu í húsnæði séu oft á ba k við eyrað og koma oft í hugann þegar endurtekin veikindi eru að taka sig upp hjá barninu.

Mætti nútímavæða kennslutæki, hvort sem er bækur, tæki, leikföng eða tölvur

Mætti setja upp körfuboltahringi og mörk svona þegar fer að vora. Hafa tvö til þrjú "eldhús" úti sem hægt væri að dunda sér í.

Mætti skipuleggja lóðina betur með yngri börn í huga ef aldursskipting á að vera sú sama áfram.

Nei

Nei

Raungreinar eiga að fá meira vægi t.d með tilraunum og rannsóknum.

Starfsmenn geta verið meira örvandi í útivist

Stelpunni minni finnst æðislegt að fá að leika úti og eftir því sem ég best veit fara þau út eins oft og veður leyfir.

Tvær deildir á Tjarnarlandi eru litlar og finnst mér það koma niður á þeim börnum sem eru þar. Það er leiðinlegt að þurfa nýta hvern krók og kima á gangi á Skógarbæ til að stækka deildina.

Vantar meira námsumhverfi

Vísa í fyrra svar varðandi öryggi á leikskólalóð.

Ég hef lengi verið hugsi yfir hólnum úti en allt annað er hið besta mál.

Ég hef stundum velt fyrir mér hvort að rýmið inni, þ.e. deildirnar séu nógu stórar miðað við þann bar

nafjölda sem er þar inni.

Ég mundi ekki vilja vera sjálfur inní litlu rými með hátt í 20 einstaklingum allan daginn. Plássið mætti vera meira. Útisvæðið er í sjálfu sér gott, en þar eru þó ótal staðir til að fela sig og hef ég vissar áhyggjur af því að ekki sé fylgst nægilega vel með hvort einhverjir verði fyrir stríðni o.s.f.v þar sem kennarar sjá ekki til.

Útisvæði mætti nýta betur í almenna kennslu, eins og er virðist bara vera notað frjálsleikur og göngutúrar...

Útisvæðið er oft mjög erfitt vegna snjóá og klaka. Veit ekki hvort eitthvað er hægt að gera í því en mér finnst lóðin oft erfið fyrir litla fætur.

Það myndast oft stórir hættulegir pollar sem myndast úti á útisvæðinu, mér finnst líka að það mættu geta náð meira í hlutina sem þau vilja sjálf en það er ekki hægt að gera það því þau er með svo mikið yngri börnum á deildi.

## 6.6. Ef þú hugsar um samskipti við leikskólann, er eitthvað sem má betur fara?

Barn mitt lenti í því að deildarstjóri deildar hans vanmat hann auðsýnilega á ýmsa lund gagnvart þro ska og færni. Barnið var þá talsvert heyrnarskert sem var opinbert og haldið margvíslegu ofnæmi b æði í mat, á húð, með frjó og gras ofmæmi. Þetta veit ég að getur gerst í mannlegu tilliti ----- og fyrir gef finnst mér. Ég ræddi það við viðkomandi, ræddi síðan við leikskólastjóra og að samkomulagi var ð það að barnið fór á nýja deild eftir sumarfrí og til annars aðila. Þarna reindi á en það var vel úr þes su máli unnið. Við vorum með börn á sitthvoru ári á leikskóla og höfum verið virkilega ánægð með d vöð þeirra beggja, fyrir utan þetta slys. Etv umhugsun á fundum, að hvetja foreldra til að ræða opins kátt um það sem betur mætti fara á réttum stað og stund. -----Einnig mikilsvert að þakka það sem ve l er gert og er mikili virði.

Endurskoða aðstoðarleikskólastjóra.

Enn frekara upplýsingaflæði hvað varðar viðfangsefni o.fl.

Finnst vanta aðeins betur upplýsingar um barnið mitt a jákvæðan hatt, þá Meira en hvernig barnið borðaði eða,svaf. Bara t.d. Við hvern það leikur sér við, hvað finnst barninu skemmtilegast að gera o .s.frv. Mér finnst líka að það eigi að vera amk einn starfsmaður af deildinni sem vinnur lengur en til 4, þegar eg sækji mitt barn hefur starfsfólkið sem er með barnið þá ekki hugmynd hvernig dagurinn he fur verið

Foreldrar eru alltaf til í að fá meiri upplýsingar um barnið sitt

Foreldrar þiggja alltaf meiri upplýsingar

Frekar stíft form á upplýsingum.

Fáum ekki alltaf að vita ef barnið meiðir sig, lendir í árekstrum eða lendir á "mottuna" (skammakrók) - Sækjum kl. 16 og þá eru þau oft úti eða leika saman á öðrum deildum. Og kannski engin þar sem ve it hvernig dagurinn hefur verið hjá barninu, hvort sem hann var góður eða slæmur.

Mætti hafa oftar frumkvæði að samskiptum um barnið í upphafi og lok dags.

Mér finnst of erfitt að fá svör við þeim spurningum sem ég spyr út í eftir daginn. Finnst stundum eins og kennararnir hafi ekki átt í neinum samskiptum við barnið mitt. Mér finnst líka óþægilegt að fá við burðina sem eiga að vera í tölvupósti myndi vilja sjá viðburðardagatal.

Nei

Nei

Nei

Stundum stuttur fyrirvari á viðburðum. Annars mjög góð samskipti.

Stöðugri upplýsingagjöf um framvindu

Sumarfrí þarf að komast á hreint fyrr svo foreldrar geti skipulagt sín eigin sumarfrí í takt við frí barnanna.

Ég fæ alltaf mjög góðar upplýsingar um það sem er að gerast á deildinni. En mér finnst ég ekki vita nægilega mikið um skólaheimsóknirnar í grunnskólann, þ.e. hvað þau eru að gera/skoða og hvenær mitt barn fer í slíkar heimsóknir. Gaman væri að fá t.d. tölvupóst eftir heimsóknirnar hvernig gekk og hvað var gert.

Það hefur komið fyrir að tilkynningar berist í seinna lagi. Einnig er taflan hjá Lundi staðsett þannig að maður gengur ekki beint fram hjá henni á leið inn á deildina og ég gleymi einfaldlega að kíkja á hana.

Það væri gaman að fá meiri fréttir af daglegu starfi innan leikskólans, sbr. föstudagspóstana hjá grunnskólanum þar sem farið er yfir vikuna og stiklað á stóru yfir það sem gert hefur verið.

Það væri gott að geti gengið að leikskólastjóranum í húsi en þar sem hann er yfir tveimur leikskólum þá er það engan veginn gerlegt, hann getur auðvitað ekki alltaf verið á báðum leikskólum í einu.

## 6.7. Ef þú hugsar um upphaf leikskóladvalar barnsins, er eitthvað sem má betur fara?

Barnið fór á milli deilda og það var mjög takmarkaðar upplýsingar sem við fengum um hvernig aðög unin gengi. Hún gekk víst vel

Foreldri of lengi fjarverandi, hefði verið gaman að eyða meiri tíma með barninu í nýjum aðstæðum en ekki á kaffistofunni.

Gekk allt mjög vel.

Hefði mátt gera meira af því að bjóða barnið velkomið á morgnana þegar það mætti svona til að það finni að einhver er til að taka á mót

Já, hann var ekki að tengjast starfsmönnum og gekk hægt. Hefði verið betra að sá aðili sem hann tengdist mest til að byrja með hefði verið meira með hann strax. Hafði það á tilfinningunni að deildarstjóri legið mikla áherslu á að barnið tengdist öllum jafnt (var einnig nefnt að það væri áherslan) en þegar þau eru óörugg verður það bara að koma síðar þegar þau eru orðin sátt við að vera í leikskólunum. Þetta hefði amk. geta gengið betur örugglega bæði af okkar hálfu og af hálfu leikskólans.

Mér fannst mjög erfitt að skilja barnið eftir grátandi og hefði frekar viljað vera lengur í hvert skipti á morgnana og hjálpa barninu að aðlaga sig betur.

Of fátt starfsfólk þegar börnin voru að mæta á morgnana, margir grétu og höfðu þá slæm áhrif á hina sem voru að mæta.

Þar sem ég hef heyrt afar val af því látið hefði ég gjarnan viljað sjá þáttökuaðlögun.



6.8. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérfræðipjónustu (t.d. sálfræði, talmeinafræði eða iðjubjálfun) sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sem þér finnst að mætti betur fara?

Aðeins þeir sem segja að barn sitt hafi fengið sérfræðipjónustu í leikskólanum fá þessa spurningu.

Barnið sækir reyndar talmeinafræðing her a Héraði sem eg sótti sjálf ekki fra leikskolanum

Nei

Okkur vantar niðurstöðuna. Hef fengið hana munnlega frá deildarstjóra en ekki fengið neitt skriflegt .

Það hefði mátt verða fyrir við ósk minni um að láta meta hvort barnið mitt þjáist af adhd til þess að þ að hefði fengið réttan stuðning í leikskólanum en að sjálfsgöðu var rétt að meta rétt fyrir skólagöng u til þess að hafa rétt og nýleg gögn fyrir grunnskólann en það varð til þess að stuðningurinn var e kki alltaf virtur í leikskólanum.

## 6.9. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þá sérkennslu eða sérstaka stuðning sem barnið þitt hefur fengið? Er eitthvað sem þér finnst að mætti betur fara?

Aðeins þeir sem segja að barn sitt hafi fengið sérfræðipjónustu í leikskólanum fá þessa spurningu.

Að mínu mati mætti auka stuðninginn við barnið mitt í daglegu starfi og sérstaklega við óvenjulegar aðstæður sem ekki tilheyra daglegu starfi svo sem heimsóknir og vettvangsferðir.

Barnið mitt hefur fengið ekstra málörvun, finnst henni vera vel sinnt og vel staðið að snemmt æðri íhlutun.

Mér finnst barnið mitt hafa sýnt miklar framfarir eftir að það fór að fara í sérkennslu. En mér fannst þ að taka dálítið langan tíma að fá það í geng að byrja sérkennsluna.

Nei mjög ánægð

Nei.

Við erum afar ánægð með þá málörfun sem okkar drengur hefur fengið, það hefur greinilega hjálpað honum að ná tökum á því að tala.